



## Styrkveiting úr vísindasjóði Öldrunarfræðafélagsins

Stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands (ÖFFÍ) veitti fimmtudaginn 17. mars sl. tvo styrki til rannsóknarverkefna á sviði öldrunarmála sem unnin verða á næstunni.

Kristbjörg Sóley Hauksdóttir, meistaranemi í öldrunarfræðum við Félagsráðgjafardeildar, hlaut annan styrkinn úr vísindasjóði að þessu sinni. Verkefnið hennar ber heitið „Eiga aldraðir áhyggjulaust ævikvöld? Rannsókn á viðhorfum, þekkingu og reynslu starfsfólks af ofbeldi gegn öldruðum inn á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu“. Leiðbeinandi Kristbjargar Sóleyjar er Sigurveig H.Meira ...



## Rannsóknarverkefni hlýtur öndvegisstyrk

Rannsóknarverkefnið Hreyfanleiki og þverþjóðleiki á Íslandi fékk öndvegisstyrk frá Rannís fyrir tímabilið 2016-2018. Verkefnið er skipulagt af Kristínu Loftsdóttur, prófessor í mannfræði, Unni Dis Skaptadóttur prófessor í mannfræði, og Sigurjóni B. Hafsteinssyni, prófessor í þjóðfræði, öll við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs.

Lykilmarkmið verkefnisins er að hvetja til og stuðla að þverfaglegum rannsóknum á ólíkum tegundum hreyfanleika til og frá Íslandi síðustu áratugi og flóknum afleiðingum þeirra. Meira ...



## Áframhald á samstarfi Lagadeildar og Hafréttarstofnunar

Tómas H. Heiðar, forstöðumaður hjá Hafréttarstofnun Íslands og dómari við Alþjóðlega hafréttardóminn í Hamborg, og Eyvindur G. Gunnarsson, forseti Lagadeildar, undirrituðu á dögum áframhaldandi samning um kennslu og rannsóknir í auðlindafræði.

Markmið sammingsins er að efla kennslu og rannsóknir á sviði auðlindaréttar við Lagadeild Háskóla Íslands með áherslu á auðlindir hafsins. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018 en Hafréttarstofnun stendur straum af hluta kostnaðar af stöðu dósentis í auðlindarétti við Lagadeild.

Meira ...



## Skúli Mogensen á atvinnulífsmálstofu

Skúli Mogensen, forstjóri WOW Air, hélt fyrirlestur í atvinnulífsmálstofu Viðskiptafræðideildar á dögum. Erindið bar heitið „Heimsyfirráð eða dauði“.

Í erindi sínu ræddi Skúli um lyklatríði á bak við þróun og árangur WOW Air og greindi frá þeim þáttum sem hann lagði til grundvallar ákvarðanartöku sinni að stofna flugfélagið á sínum tíma. Einnig ræddi hann um þau vaxtartækifæri sem felast í flugstöðinni og tók dæmi af flugstöðinni í Katar.

Meira ...



## Söfnuðu nærri 16 milljónum fyrir sumarbúðir í Reykjadal

Meistaraneimar við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands afhentu í gær vetrar- og sumarbúðunum í Reykjadal styrk að upphæð 15.617.694 krónur sem var afkrastur styrktarsöfnunarinnar „Upplifun fyrir alla“ sem haldin var í tengslum við námskeiðið Samvinna og árangur við Háskóla Íslands.

Að sögn Margrétar Völu Marteinsdóttur, forstöðukonu Reykjadal, mun upphæðin nýtast Reykjadal til frekari uppbyggingar og til að mæta þeim langa biðlista sem þegar er í sumarbúðirnar.

Reykjadalur eru einu sumarbúðirnar fyrir fötlum [Meira...](#)



## Ný fundaröð Háskóla Íslands um forsetaembættið

Stjórn málafræðideild, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Sagnfræðistofnun og Lagastofnun við Háskóla Íslands efna til fundaraðar um forsetaembættið í aðdraganda forsetakosninga á Íslandi. Fyrsti fundurinn var föstudaginn 18. mars kl. 12.

Yfirskrift fundaraðarinnar er „Forseti Íslands: Hvers konar embætti er þetta?“ Þar munu fræðimenn við Háskóla Íslands greina og ræða um embætti forseta Íslands út frá sjónarhorni stjórn mála, lög- og sagnfræði.

Á fyrsta fundinum föstudaginn 18. [Meira...](#)



## Fyrsta doktorsvörn sameiginlegs náms lagadeilda HÍ & KU

Irina Domurath varði doktorsritgerð sína: *Consumer Debt and Contract Law - Protection from over-indebtedness in EU mortgage law (Neytendaskuldir og samningaréttur - vernd gegn yfirsuldsetningu samkvæmt reglum Evrópuréttar um húsnæðislán)* við lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla. Er hér um að ræða fyrstu doktorsvörnina sem fram fer úr sameiginlegu doktorsnámi deildanna. [Meira...](#)



## Fræðafólk frá Slóvakíu heimsækir Stjórn málafræðideild

Þessa vikuna eru staddir hér á landi fjórir fræðimenn, þau Denisa Čiderová, Klaudia Pytelová, Martin Grešš og Tomáš Dudáš, frá University of Economics in Bratislava í Slóvakíu. Þau eru hér fyrir tilstilli kennaraskiptasamnings sem Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri gerðu við háskólann í Bratislava á síðasta ári.

Meðan á heimsókninni stendur munu Denisa, Klaudia, Martin og Tomáš halda fyrirlestra í þremur námskeiðum við Stjórn málafræðideild. [Meira...](#)

## Viðburðir framundan

- 20. apr - 15:00 [Maðurinn sem minnkaði - vistsporið sitt](#)
- 20. apr - 16:20 [Þrengt að opnu framhaldsskólavali árin 2010-2012: Forsendur og saga málsins](#)
- 22. apr - 11:00 [Málstofa Hagfræðideildar](#)
- 22. apr - 11:30 [Dr. Nick Prior og Arnar Eggert Thoroddsen spjalla um dægurtónlistarfræði](#)
- 23. apr - 11:00 [Með fróðleik í fararnesti - Fuglaskoðun í Grafarvogi](#)
- 27. apr - 16:00 [Háskólahlaupið 2016](#)
- 28. apr - 12:00 [Bókakynning: "Mobility to the Edges of Europe"](#)
- 28. apr - 12:10 [MBA-kynningarfundur fimmtudaginn 28. apríl](#)
- 28. apr - 14:00 [Doktorsvörn í Viðskiptafræðideild](#)
- 06. maí - 09:00 [Málstofur MA nema til starfsréttinda í félagsráðgjöf](#)
- 30. ágú - 17:30 [Opinberir fyrirlestrar um þjónandi forystu](#)